

# Vinnustofur um BA-/BS-ritgerðir

Vormisseri 2018

Dagbjört Guðmundsdóttir, dag26@hi.is

Hinrik Hafsteinsson, hih43@hi.is



# Ritver Hugvísindasviðs



- Ritver Hugvísindasviðs veitir öllum nemendum HÍ aðstoð við stórar og smáar ritsmíðar (ritgerðir, námskeiðsverkefni, skýrslur, lokaverkefni o.s.frv.).
- Allir nemendur Háskóla Íslands geta pantað viðtalsfund sér að kostnaðarlausu.
- Ritverjar veita aðstoð við efnisafmörkun, rannsóknarspurningu, uppbyggingu, mál og stíl, heimildamat, heimildatilvísanir, frágang, útlit og fleira
- Ritverið er á 2. hæð í Þjóðarbókhöllu
- Nánari upplýsingar á <http://ritverhug.hi.is/> og á Facebook-síðu ritversins

# Skipulag vinnustofu

(Þriðjudaga kl. 11:40-13:10 / Fimmtudaga kl. 15:00-16:30)

- Fyrsti fundur, 16. janúar/18. janúar
  - Reglur um BA-/BS-ritgerðir, efnisafmörkun, rannsóknarspurning
- Annar fundur, 6. febrúar/8. febrúar
  - Heimildir: Leit, skráning og mat
- **Þriðji fundur, 27. febrúar/1. mars**
  - **Glíman við textann**
- Fjórði fundur, 20. mars/22. mars
  - Frágangur, yfirlstur, sniðmát

# Viðfangsefni dagsins

- Uppbygging ritgerða
- Hjálpargögn málnotenda
- Málstöðlun og málsnið
- Orð og orðasambönd
- Setningar
- Efnisgreinar
- Greinamerki
- Fræðiskrif

UPPBYGGING RITGERÐA

# Efnisgrind

- Þegar búið er að ...
  - velja efni og afmarka
  - móta rannsóknarspurningu
  - lesa og velja heimildir

...er sett upp  
efnisgrind/beinagrind

- Góð beinagrind er nauðsynleg öllum ritgerðum
  - Hvað er mikilvægt og hverju má sleppa?
  - Hvernig verða kaflarnir uppbyggðir og hvar þarf undirkafla?
  - Beinagrindin auðveldar flæði
  - Út frá beinagrindinni semjum við uppkast

# Bygging

- Einstakir kaflar verða að tengjast innbyrðis svo að ritgerðin myndi eina órofa heild.
- Fræðilegur kafla í upphafi ritgerðar þarf að tengjast þeim köflum sem á eftir koma.
- Sá sem er til dæmis að skrifa um fleirtölu nafnorða í barnamáli verður því að gæta þess að almennar hugmyndir um máltöku (í fræðilegum kafla) séu notaðar til að varpa ljósi á það hvernig börn læra fleirtöluna (í seinni köflum).

# Einingar í ritgerð

- Til að ritgerð sé skýr og skipuleg þarf að brjóta hana niður í hæfilega stórar einingar, þ.e. kafla, undirkafla og efnisgreinar.
- Efnisgrein getur verið margar málsgreinar og afmarkast formlega af greinaskilum.
- Hver efnisgrein þarf að mynda ákveðna heild og vera hæfilega löng.



# Einingar í ritgerð

- Það er eðlilegt að efnisgreinar séu 5–15 línur og þar með 2–5 á hverri síðu.
- Séu efnisgreinar fleiri er hættu á því að ritgerðin verði brotakennd en of fáar efnisgreinar gera texta erfiðan aflestrar.
- Ef góð tenging er á milli efnisgreina verður gott flæði í ritgerðinni.
- Höldum okkur við efnið og vöðum ekki úr einu í annað.

# Inngangur

- Í inngangi á að vera almenn kynning á efninu.
- Líka gott að þar sé yfirlit yfir efni einstakra kafla og jafnvel undirkafla.
- Rannsóknarspurning eða spurningar er sett fram í inngangi.
- Helstu niðurstöður eiga að koma fram í inngangi (þ.e. svarið við rannsóknarspurningunni).
- Fræðileg ritgerð er ekki glæpasaga, við þurfum ekki að koma á óvart.

# Meginmál

- Aðalefni ritgerðarinnar
- Lokaritgerðir skiptast yfirleitt í þrjú aðalkafla
  - Fyrsti er e.k. **fræðileg undirstaða** sem er nauðsynleg til að skýra rannsóknarefnið sjálft
  - Í næsta kafla er **rannsókn höfundar** í aðalhlutverki
  - Síðasti kaflinn fjallar um **niðurstöður** rannsóknarinnar
- Mjög mikilvægt að rökstyðja allar þær skoðanir eða hugmyndir sem þar koma fram
  - Órökstuddar skoðanir eða hugmyndir eru einskis virði í fræðilegri umræðu
  - Rökstuðningur getur t.d. verið fólgin í heimildatilvitnun, röksemdafærslu eða dæmum.

# Lokaorð

- Í lokaorðum á að draga saman í stuttu máli helstu niðurstöður verksins.
- Þar má líka benda á óleyst vandamál eða frekari rannsóknir sem þarft væri að gera.
- Þar á hins vegar ekki að koma með ný dæmi eða nýjar hugmyndir.

HJÁLPARGÖGN MÁLNOTENDA

# Íslensk orðabók (3. útg. 2002)

Ritstjóri: Mörður Árnason

- Grundvallarorðabók um íslenskt nútímamál
  - sem veitir upplýsingar um merkingu orða, notkun þeirra, beygingu og málsnið
- Mikið af orðum og orðskýringum úr eldra máli
- **Ekki** nothæf sem stafsetningarorðabók
- Aðgengileg á síðunni <http://snara.is/> (eins og margar aðrar orðabækur)

# Stóra orðabókin um íslenska málnotkun (2005)

Höfundur: Jón Hilmar Jónsson

- Byggð á fyrri bókum höfundar, Orðastað (2001) og Orðaheimi (2002)
- Hentar þeim sem eru að semja texta og eru að leita að rétta orðalaginu
- Í fyrri hlutanum er orða- og hugtakalýsing en í seinni hlutanum er orða- og orðasambandaskrá
- Bókinni fylgir geisladiskur sem býður upp á ýmsa leitarmöguleika

# Mergur málsins (1993)

## Höfundur: Jón Friðjónsson

- Helsta orðabók um uppruna, aldur og þróun fastra orðasambanda í íslensku
  - Uppflettiorðin (aftast í bókinni) eru oftast nafnorð
  - Undir nafnorðinu *sæng* eru t.d. upplýsingar um orðasamböndin *ganga í eina sæng* og *sjá sæng sína upp reidda*
- Nýjasta bók höfundar er *Orð að sönnu* (2014), stærsta málsháttasafn sem komið hefur út á Íslandi



# Stafsetningarorðabókin (2006)

Ritstjóri: Dóra Hafsteinsdóttir

- Stærsta stafsetningarorðabókin um íslensku
  - 65.000 uppflettiorð og upplýsingar um rithátt og beygingu orða
- Aftast í bókinni eru reglur um stafsetningu og greinarmerkjasetningu
  - byggðar á auglýsingum menntamálaráðuneytisins frá 1974 og 1977
  - Sjá einnig <http://www.arnastofnun.is/page/ritreglur>

# Stafsetningarorðabók með skýringum (4. útgáfa, 1994) Höfundur: Halldór Halldórsson

- Bókin inniheldur upplýsingar um stafsetningu og beygingu orða
  - og auk þess ýmiss konar skýringar um uppruna og skyldleika orða sem tengjast rithætti

# Íslensk samheitaorðabók (3. útg. 2012)

Ritstjóri: Svavar Sigmundsson

- Stór samheitabók með uppflettiorðum í stafrófsröð
  - Stundum eru líka sýnd andheiti orða
  - en engar merkingarskýringar fylgja
- Bókina þarf að nota með þeim fyrirvara að svokölluð samheiti hafa sjaldnast nákvæmlega sömu merkingu

# Beygingarlýsing íslensks nútímamáls

## Ritstjóri: Kristín Bjarnadóttir

- Ýtarleg upplýsingasíða um beygingar
  - á slóðinni <http://bin.arnastofnun.is>
- Ef uppflettimynd nafnorðs er slegin inn koma upp allar beygingarmyndir með og án greinis
  - en einnig er hægt að slá inn aðrar myndir
- Ef tvímyndir eru til í málinu eru þær yfirleitt sýndar (*Japanir/Japanar, dugir/dugar*)

# Handbók um íslensku (2012)

Ritstjóri: Jóhannes B. Sigtryggsson

- Skiptist í 70 stuttar greinar sem fjalla um ýmis efni sem tengjast málnotkun, stafsetningu og ritun
- Nokkur dæmi um greinar í bókinni:
  - Beygingar (bls. 17-24)
  - Forsetningar (bls. 71-74)
  - Orðskipting (bls. 148-152)
  - Umsóknir (bls. 249-254)
  - Yfirlestur (bls. 279-282)

# Handbækur um málnotkun

- Þrjár mikilvægar bækur sem leiðbeina fólki um málnotkun og fræðileg skrif:
  - Ari Páll Kristinsson. 1998. *Handbók um málfar í talmiðlum*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
  - Árni Böðvarsson. 1992. *Íslenskt málfar*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
  - Höskuldur Þráinsson. 2015. *Skrifaðu bæði skýrt og rétt: fræðileg skrif, ritrýni og ritstjórn*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Athugið einnig Málvarsbanka Árnastofnunar <http://malfar.arnastofnun.is/>

# Þrjú orðasöfn

- Á heimasíðu Stofnunar Árna Magnússonar eru þrjú mikilvæg orðasöfn:
  - **Orðabanki Íslenskrar málstöðvar:** Fjölmörg íðorðasöfn, t.d. flugorðasafn, tölvuorðasafn og orðasafn í málfræði
  - **Ritmálssafn Orðabókar Háskólans:** Dæmi úr textum frá 1540 og til okkar daga og því mikilvæg heimild um þróun orðaforðans síðustu aldirnar
  - **Textasafn Orðabókar Háskólans:** Ýmsir textar frá 13.öld og til okkar daga sem hægt er að leita í

# Skrambi

- <http://skrambi.arnastofnun.is/>
- Gefur möguleika á að líma inn texta og athuga stafsetningar- og innsláttarvillur. Skrambi leiðréttir þó ekki málvillur eða villur sem eru háðar samhengi.



MÁLSTÖÐLUN OG MÁLSNIÐ

# Málstaðall

- Í flestum málsamfélögum eru einhvers konar viðmiðanir um það hvað telst vandað eða gott mál
  - Þeir sem semja formlegan texta á íslensku þurfa að þekkja þessar viðmiðanir
- Meginreglan er sú að þegar tvö eða fleiri form koma til greina í nútímamáli telst það betra sem á sér lengri sögu í málinu
  - Staðbundið málfar telst þó yfirleitt viðurkennt mál
- Í *Málfarsbanka Árnastofnunar* eru ýmsar leiðbeiningar um málnotkun
- [\*Beygingarlýsing íslensks nútímamáls\*](#) sýnir yfirleitt aðeins viðurkenndar beygingarmyndir (en leyfir þó meira en *Málfarsbankinn*)
- Orðabækur sýna aðeins það sem telst viðurkennt mál (eða merkja frávikin sérstaklega)

# Beygingar

- Þær nýjungar í beygingum sem ekki teljast viðurkennt mál (staðalmál) eru af ýmsu tagi:
  - Sterk kvenkynsorð með viðskeytið *-ing*: *vegna lagningu Sundabrautar* (staðalmál: vegna lagningar Sundabrautar)
  - Sögnin *vilja*: *Ég vill fara heim* (staðalmál: Ég vil ...)
  - Töluorð: *hundruðir manna* (staðalmál: hundruð manna)
  - Frændsemisorð: *Hann sá bróðir minn í gær* (staðalmál: bróður)
  - *ær* og *kýr*: *Þessi kú mjólkar vel* (staðalmál: kýr)
  - *hönd*: *Þú skalt nota hægri hendina* (staðalmál: höndina)

# Nýja þolmyndin

- Hin svonefnda nýja þolmynd er ekki viðurkennt mál:
  - Þess vegna var sagt *henni* að fara heim
  - Það *var greitt* atkvæði um málið
- Hefðbundin þolmynd væri svona:
  - Þess vegna var henni sagt að fara heim
  - Það voru greidd atkvæði um málið eða
  - Atkvæði voru greidd um málið

# Nýja dvalarhorfið

- Nýja dvalarhorfið er ekki viðurkennt mál:
  - Ég *er ekki að skilja* þetta heimaverkefni
  - FH-ingar *voru að leika* vel í seinni hálfleik
- Í stað nýja dvalarhorfsins má nota einfalda nútíð eða þátíð:
  - Ég skil ekki þetta heimaverkefni
  - FH-ingar léku vel í seinni hálfleik

# Þágufallssýki

- Þágufallssýki kemur fram í því að notað er þágufall á frumlagi í stað eldra þolfalls eða nefnifalls:
  - *Henni langar að vera áfram*
  - *Öllum börnunum blakkar til jólanna*
- Viðurkennd fallnotkun hérna væri:
  - *Hana langar að vera áfram*
  - *Öll börnin blakka til jólanna*

# Föst orðasambönd

Notkun fastra orðasambanda er vandasöm:

- oft **á** tíðum (staðall: oft og tíðum)
- taka djúpt í **árina** (staðall: taka djúpt í árinni)
- **berjast** á banaspjót (staðall: berast á banaspjót)
- **hellast** úr lestinni (staðall: heltast úr lestinni)
- heilu **á** höldnu (staðall: heilu og höldnu)
- **kveða** sér hljóðs (staðall: kveðja sér hljóðs)
- berja höfðinu **í** steininn (staðall: berja höfðinu við steininn)

# Formlegt og óformlegt málsnið

- Það sem einkum skilur á milli formlegs og óformlegs málsniðs eru einstök orð eða orðasambönd:
  - *Faðir minn hefur mikið yndi af þessari tónlist* (formlegt)
  - *Pabbi hefur mjög gaman af þessari tónlist* (hlutlaust)
  - *Kallinn fílar þessa músík í botn* (óformlegt)
- Það eru líka ýmis setningafræðileg atriði sem skipta máli fyrir málsnið (sjá síðar)
- Í formlegu málsniði eru notuð nýyrði eins og *myndband*, *bifreið* og *gluggatjöld*
  - en í óformlegu málsniði yrðu líklega frekar notuð tökuorðin *vídeó*, *bíll* og *gardínur*
- Í formlegu málsniði eiga ekki að vera gildishlaðin eða óvirðuleg orð:
  - *belja*, *rolla*, *bikkja*, *hallærislegur* o.s.frv.



# Ákveðinn greinir

- Ákveðinn (viðskeyttur) greinir er mikið notaður í óformlegu málsniði:
  - *Haukarnir* urðu Íslandsmeistarar
  - *Gamla konan* fylgist vel með handboltanum
- Í formlegu málsniði er ákveðinn greinir aðeins notaður þar sem merkingin krefst þess:
  - *Haukar* urðu Íslandsmeistarar
  - *Gamla konan* fylgist vel með handbolta

# Það-setningar

- Í óformlegu málsniði er mikið um setningar sem byrja á merkingarlausu það:
  - *Það hafa margir lesið bókina*
  - *Það verður rigning á morgun*
  - *Það var dansað fram undir morgun*
- Í formlegu málsniði er reynt að sneyða hjá þessu:
  - *Margir hafa lesið bókina*
  - *Á morgun verður rigning*
  - *Dansað var fram undir morgun*

# Eignarfallsflótti

- Í óformlegu málsniði er forsetningarliður oft notaður í stað nafnliðar í eignarfalli
  - Þetta hefur verið nefnt eignarfallsflótti og kemur t.d. fram í einkunnum með nafnorðum:
    - *dugnaður Jóns* (ef.) > *dugnaðurinn í Jóni*
  - Eignarfallsflótti kemur líka fram í andlögum sagna:
    - *synja lögum staðfestingar* (ef.) > *synja lögum um staðfestingu*

ORÐ OG ORÐASAMBÖND

# Hlutbundið vs. óhlutbundið

- Orð sem tákna óhlutbundin fyrirbæri kalla yfirleitt ekki fram neina mynd í hugum lesandans (sbr. *hatur, þrá, öfund, freisting, friður, frelsi, gáfur, framfarir, réttindi, sekt...*)
- Í texta sem á að fanga athygli lesandans er best að nota slík orð í hófi:
  - *Unglingurinn á heimilinu vill meira frelsi / koma og fara þegar honum sýnist*
  - *Hlaðborðið var fullt af freistingum / girnilegum smákökum, rjómatertum og snittum*

# Blæbrigði

- Sum orð/orðasambönd er eingöngu notuð í neikvæðu samhengi (í staðalíslensku):
  - *einblína á e-ð, notast við e-ð, fá smjörþefinn af e-u*
- Önnur orð/orðasambönd eru hins vegar aðeins notuð á jákvæðan hátt:
  - *aðsjáll, nákvæmur* (en ekki *nískur, smámunasamur*)
- Oft er líka örlítill munur á svonefndum samheitum:
  - *grallari – fjörkálfur, loddari – spjátrungur, gloppóttur – gallaður, letingi – drollari, montinn – sjálfumglaður*

# Réttar forsetningar

- Forsetningar eru oft vandmeðfarnar í íslensku:
  - *orsakir á þeirri breytingu > fyrir*
  - *smitast frá einhverjum > af*
  - *fyrirtæki frá fjármálageiranum > úr*
  - *gerast að sjálfu sér > af*
  - *tillaga að breytingu > um*
  - *vegna öryggisástæðna > af öryggisástæðum*
  - *umsókn vegna skólavistar > um skólavist*
  - *sáttur með e-ð > við*

# Óþörf orð

- Í textum er oft mikið af orðum sem hægt er að fella brott án þess að merkingin breytist:
  - nefndin kannaði (*í starfi sínu*) flesta þætti...
  - tilraunir sýna (*fram á það*) að...
  - þegar (*það kemur að því að*) börn fara í skóla
  - hann segir þetta í frægri grein (*sinni*) frá 1989
  - til að teljast (*vera/sem*) blendingsmál
  - renna sitt skeið (*á enda*)
  - þakka e-m (*góð*) störf í þágu kirkjunnar
  - krefja e-n um (*að borga*) 10 milljónir



# Aukaorð

- Ýmis aukaorð eru algeng í óformlegu málsniði en eiga ekki heima í formlegu málsniði:
  - *Þetta er maður sem að ég þekki ágætlega*
  - *Þær Jóna og Dröfn eru alltaf hressar*
  - *Eins og allir vita að þá eru lyfturnar fyrir fólk sem er í hjólastól*
  - *Þetta var miklu erfiðara heldur en ég hafði ímyndað mér*
  - *Ef að þú kemur með þá geri ég það líka*

# Viðurkennd merking

- Í formlegum texta á að nota orð í viðurkenndri merkingu:
  - *ávirðing* ‘afglöp, misgerðir’ (ekki ‘ásökun’)
  - *gjarnan* ‘fúslega’ (ekki ‘oft’)
  - *tilhæfulaus* ‘ósannur’ (ekki ‘tilefnislaus’)
  - *erlendis* (‘í útlöndum’) (ekki ‘til útlanda’)
  - *versla* (‘stunda viðskipti’) (ekki ‘kaupa’)

SETNINGAR

# Samræmi

- Gætið að samræmi :

Aðeins bluti þeirra *hafa* skilað sér > hefur

Þangað *kom* Jón og María > komu

Í því *þarf* að koma fram öll ófyrirsegjanleg einkenni orðs > þurfa

Honum *er gefið* að sök umboðssvik > eru gefin

# Fornöfn

- Fornafn á að vera í sama kyni og tölu og liðurinn sem það vísar til:

*Þegar krakkarnir (k.k.flt.) komu loksins heim vildu **þau** bara horfa á sjónvarpið  
> þeir*

*Þessi nefnd (kvk.et.) var í góðri trú þegar **þeir tóku** þessa ákvörðun > hún tók*

*Fólkið (hk.et.) vildi komast inn en dyraverðirnir vörnuðu **þeim** inngöngu > því*

# Vond þolmynd?

- Stundum er þolmynd (með *af*-lið sem táknar gerandann) notuð þar sem germynd væri betri:

*skartgripir sem búnir eru til af afrískum konum* > *skartgripir sem afrískar konur hafa búið til*

*Þessi mynd var tekin af ábugaljósmyndara í gær* > *Ábugaljósmyndari tók þessa mynd í gær*

*Ávextir eru frekar borðaðir af börnum* ef þeir eru bitaðir niður > *Börn borða frekar ávexti ef þeir eru bitaðir niður*

# Kjarnafærsla

- Það að færa setningalið fremst í setningu (og þar með fram fyrir frumlagið) nefnist kjarnafærsla:

*Ég hef aldrei séð þennan mann* (hlutlaus orðaröð)

*Þennan mann hef ég aldrei séð* (kjarnafærsla)

- Kjarnafærsla er m.a. notuð til að gefa færða liðnum aukið vægi (miðað við frumlagið):

*Þeim var ég verst er ég unni mest* (kjarnafærsla)

*Ég var þeim verst er ég unni mest* (hlutlaus orðaröð)

# Stílfærsla

- Færsla orðs eða liðar fremst í frumlagslausum setningum setningum nefnist **stílfærsla**.
- Algeng í formlegu málsniði en kemur sjaldan fyrir í óformlegu málsniði. Í eftirfarandi dæmum er stílfærslu beitt á sögn í lýsingarhætti þátíðar, ögn (atviksorð) og lýsingarhátt:

**Það** er talið að Grettir hafi fæðst litlu fyrir árið 1000 > **Talið** er að Grettir hafi fæðst litlu fyrir árið 1000

Gagnrýnin sem hefur komið **fram** á fullan rétt á sér > Gagnrýnin sem **fram** hefur komið á fullan rétt á sér

Þegar var **búið** að ganga frá var farið að sofa > Þegar **búið** var að ganga frá var farið að sofa



# Ófullgerðar setningar

- Óformlegt málsnið einkennist oft af setningum sem innihalda hvorki frumlag sé sögn í persónuhætti en slíkar setningar sjást stundum í ritgerðum nemenda:

*Viðhorf til náttúrunnar hafa breyst mjög í aldanna rás. **Allt frá miðöldum til okkar daga.***

*Nemendur sögðu að þeim hefði gengið illa í grunnskóla. **Einkum þegar komið var á unglingsstigið.***

Hér ætti að setja kommu í stað punkts og taka burt stóra stafinn!

EFNISGREINAR

# Efnisgrein og málsgrein

- **Efnisgrein** er textabútur sem afmarkast af greinaskilum (eða auknu línubili) og inniheldur yfirleitt nokkrar málsgreinar
  - Hæfileg lengd efnisgreina er 5-15 línur
- **Málsgrein** hefst á stórum staf og endar á punkti, spurningarmerki eða upphrópunarmerki og getur innihaldið margar setningar
  - Málsgreinar eiga helst ekki að vera lengri en 4 línur
  - Ekki heldur of stuttar – þá verður textinn brotakenndur

# Samfella og samloðun

- Í efnisgreinum á að vera **samfella** (coherence)
  - Efnisgreinar eiga að hverfast um eina hugmynd eða eitt atriði/umræðuefni
  - Höfundar eiga því ekki að fara úr einu í annað innan sömu efnisgreinar
- Í efnisgreinum á líka að vera **samloðun** (cohesion)
  - Efnisgreinar eiga að vera þannig saman settar að þær myndi eina heild út frá ýmsum málfræðilegum atriðum

# Kaflatengsl

- Upphafsorð einstakra kafla í fræðilegum ritsmíðum eru gjarna notuð til þess að tengja kaflann við það sem á undan var komið og/eða til þess að gera lesandanum grein fyrir því hvað verður til umræðu í kaflanum
- Önnur aðferð til að mýkja kaflaskil og tengja kaflana betur er sú að nota síðustu málsgrein kafla til að tengja hann við það sem á eftir kemur

(Höskuldur Þráinsson. 2015. *Skrifaðu bæði skýrt og rétt: fræðileg skrif, ritrýni og ritstjórn*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.)

GREINAMERKI

- Byggt er á Ritreglum Íslenskrar málstöðvar en þær hljóta að teljast hinar opinberu reglur um greinarmerkjasetningu
- Þessar reglur eru aðgengilegar á netinu (<http://www.arnastofnun.is/page/ritreglur>)

# Mælingar (98. grein)

- Ekki er settur punktur á eftir skammstöfunum í metra-kerfinu né skammstöfuðum heitum frumefna og ýmsum öðrum skammstöfuðum heitum og mælieiningum í efna- og eðlisfræði.
- *cm* (sentimetri) • *H* (vetni) • *hl* (hektólítri) • *Hz* (berts) • *kg* (kíló) • *l* (lítri) • *M* (mega) • *m* (metri) • *MHz* (megaherts) • *mm* (millimetri) • *Na* (natríum) • *Pa* (paskal) • *V* (volt) • *W* (vatt)



# Stórar skammstafanir (98. grein)

- Ekki er hafður punktur í skammstöfunum sem eru ritaðar með upphafsstöfum nema þegar mannanöfn eru skammstöfuð að hluta til.
  - *HÍ (Háskóli Íslands)*
  - *MA (Menntaskólinn á Akureyri)*
  - *BSRB (Bandalag starfsmanna ríkis og bæja)*
  - *KR (Knattspyrnufélag Reykjavíkur)*
  - *NATO (North Atlantic Treaty Organization)*
  - *GLG (Guðrún Línberg Guðjónsdóttir)*
  - *Guðrún L. Guðjónsdóttir*

# Komma sem hlémerki

- Þótt það sé hvergi nefnt í reglunum er komma einkum notuð til að tákna hlé í eðlilegum framburði eða lestri, sbr. upptalningar, ávörp, innskot og viðbætur:
  - *Á morgun er landafræði, enska, stærðfræði og danska*
  - *Ó, farðu þér nú ekki að voða, elskan mín*
  - *Tveir starfsmenn, Ásta og Gunnar, eru að hætta*
  - *Loksins komumst við heim, ánægð með daginn*
  - *Jóna Árnadóttir, formaður félagsins, mælti fyrir tillögunni*

# Samhliða setningar (108. grein)

- Þegar setningar koma hver á eftir annarri í sömu málsgrein er meginreglan sú að þær eru *annaðhvort* aðgreindar með kommu *eða* tengdar með samtengingum.
  - *Sumir fengu ís, aðrir vildu frekar búðing*
  - *Sumir fengu ís **en** aðrir vildu frekar búðing*
  - *Sigurður lagði á borðið, bauð gestunum til sætis **og** settist niður*
  - *Hér er komin nútímaleg vara [sem höfðar sterkt til ungs fólks [sem keppir við tímann]]*

# Tenging felld brott (108. grein)

- Skýringartengingin *að* má falla brott án þess að setja skuli kommu í hennar stað:
  - *Hann veit að hún kemur* / *Hann veit hún kemur*
- Skilyrðistengingin *ef* má falla brott án þess að setja skuli kommu í hennar stað:
  - *Þeir róa í kvöld ef veðrið skánar* / *Þeir róa í kvöld skáni veðrið*
  - *Ef veðrið skánar róa þeir í kvöld* / *Skáni veðrið róa þeir í kvöld*

# Fleygar (109. grein)

- Sú meginregla gildir að afmarka skal með kómmum þær setningar sem fleyga aðrar setningar.
  - *Húsið, sem stendur þarna, er nýtt.*
  - *Mikilvægt er, þrátt fyrir það sem að framan er sagt, að gæta þess að það barnastarf, sem fram fer á vegum sveitarfélaganna, sé ekki of dýrt fyrir foreldra.*
  - *Þó er ekki heimilt, nema Alþingi gefi samþykki, að selja prestssetur eða réttindi [sem þeim tengjast [sem prestssetrasjóður tekur við [þegar lög þessi öðlast gildi ]]].*

## *sá eða þar (109. grein)*

- Þó skal aldrei nota kommu til að afmarka tilvísunar-setningar (tengdar með *sem eða er*) þegar næst framan við þær stendur fornafnið *sá (sú, það; þeir, þær, þau)* eða atviksorðið *þar*.
  - *Sá* *sem fæst við erfitt verkefni* verður að leggja hart að sér
  - *Þeir* *sem vilja* mega koma í boðið
  - *Þar* *sem þú ert* vil ég líka vera

# Fornöfn/atviksorð (109. grein)

- Þegar önnur fornöfn eða atviksorð standa næst framan við setningar sem fleyga aðrar setningar er valfrjálst hvort þær eru afmarkaðar með kommu.
  - Ég, *sem hef verið leigubílstjóri í 25 ár*, hef aldrei séð annað eins
  - Ég *sem hef verið leigubílstjóri í 25 ár* hef aldrei séð annað eins
  - Sumir, *sem ég þekki*, ætla til Akureyrar í sumar
  - Sumir *sem ég þekki* ætla til Akureyrar í sumar

# Titlar og starfsheiti (110. grein)

- Kommur eru ekki látnar afmarka starfsheiti, titla og frændsemisorð nema þar sem um er að ræða fleiri en eitt orð.
  - Jón Gunnar *tannlæknir* tók þátt í hátíðahöldunum.
  - Jón Gunnar, *tannlæknir grunnskólanna*, tók þátt í hátíðahöldunum
  - Jói *frændi* kom í veisluna
  - Jói, *frændi okkar*, kom í veisluna



# Semikomma (113. grein)

- Í stað punkts má setja semikommu milli málsgreina ef málsgreinarnar eru merkingarlega nátengdar en einkum ef síðari málsgreinin táknar afleiðingu hinnar fyrri eða andstæðu hennar.
  - *Það hefur verið mikið ónæði hérna í dag; mér hefur því ekki tekist að ljúka verkefninu*
  - *Jón varð fyrir aðkasti margra; samt lagði hann engum illt til*

# Upptalning (114. grein)

- Semikommu má nota í upptalningu til að afmarka þá liði sem helst eiga saman.
- *Verzlunin selur ýmiss konar vörur: pappír, ritföng; sígarettur, vindla, neftóbak; sápur, ilmstötn og aðra hreinlætisvöru*

# Gæsalappir (125. grein)

- Gæsalappir eru notaðar til að afmarka beina ræðu í frásögn, orðréttar tilvitnanir, einstök orð og orðasambönd (m.a. til að gefa í skyn háð eða að málnotkunin sé ekki heppileg eða fullgild) og til að skýra merkingu orða og orðasambanda.
- Íslenskar gæsalappir eru þannig að þær fremri eru niðri og snúa eins og talan 9 en þær aftari eru uppi og snúa eins og talan 6.

# Gæsalappir og punktur (125. grein)

- Gæsalappir koma á eftir punkti ef punkturinn er hluti af tilvitnuninni en annars á undan punkti.
- *Afi sagði: „Hertu þig nú, strákur.“*
- *Ásgeir mælti: „Afi sagði við mig: „Hertu þig nú.““*
- *Ásgeir mælti: „Afi sagði: „Hertu þig nú, strákur“ þegar hann vildi hvetja mig.“*
- *Mér hefur aldrei fundist hann sérlega „sympatískur karakter“.*
- *Hann sagði „strax“ en átti við „eftir klukkutíma“.*

FRÆÐISKRIF

# Ritunarferlið, 1

- Að skrifa fræðilegan texta er langt ferli og því má skipta niður í nokkra áfanga (sem geta skarast í tíma):
  - 1. skref: Velja viðfangsefni og afmarka það á skýran hátt (með rannsóknarspurningu eða rannsóknartilgátu).
  - 2. skref: Lesa nokkrar vel valdar heimildir um efnið, hugsa um það á sjálfstæðan hátt og safna saman hugmyndum og efnisþáttum.
  - 3. skref: Ákveða hvaða hugmyndir/efnisþættir verða notaðir og hvar þeir eiga heima. Búa til efnisgrind.

# Ritunarferlið, 2

- 4. skref: Skrifu textann frá upphafi til enda og styðjast við þær hugmyndir sem voru komnar á blað. Frekari heimildavinna er hluti af þessu skrefi líka.
- 5. skref: Endurskoða byggingu textans og innihald.
  - Er röklegt samhengi milli efnispáttu? Myndar textinn eina sannfærandi heild?
  - Vantar upplýsingar e-s staðar eða er þeim ofaukið?
  - Vantar rökstuðning fyrir eða útskýringar á því sem fram kemur? Er einhver efnispáttur of fyrirferðarmikill miðað við aðra efnispætti?

# Ritunarferlið, 3

- 6. skref: Endurskrifa allan textann, bæði með tilliti til byggingar og innihalds.
  - Prófarkalestur er nauðsynlegur til að útrýma hvers kyns villum (sem geta eyðilagt góðan texta).
  - Athuga samræmi í uppsetningu (t.d. hægri jöfnun textans, kaflafyrirsagnir, kaflanúmer, blaðsíðutal, heimildaskrá og notkun skáleturs og feitleturs)
  - Athuga samræmi milli heimildaskrár og heimildatilvitnana (því allt sem vitnað er í á að vera í heimildaskrá en ekkert annað á að vera þar).



# Gildishlaðið orðalag

- Gildishlaðið orðalag ber að forðast í fræðilegum skrifum því það felur oft í sér órökstuddar skoðanir eða jafnvel fordóma
  - Gildishlaðið orðalag: *Íslensku máli hnignaði mjög á 18. öld*
  - Betra orðalag: *Íslenskt mál var mjög dönskuskotið á 18. öld*
- Einstök hugtök geta líka verið gildishlaðin, sbr. *þágufallssýki*

# Fjölbreytilegt orðalag

- Í fræðilegum texta verður að reyna að nota fjölbreytilegt orðalag
  - svo textinn verði ekki leiðinlegur og endurtekningasamur
- Stundum er þó erfitt að finna heppileg samheiti
  - en þá má reyna að umskrifa textann til að komast hjá endurtekningum (sjá dæmi á næstu glærum)

# Textadæmi

- **Notast** var við aðferð sem **notuð** hefur verið til rannsókna á *hv*-spurningum í ýmsum málum. Þá eru tveir málhafar **fengnir** til að vinna saman þannig að annar heldur á mynd af umferðarslysi og veitir hinum upplýsingar fyrir skýrslu af slysinu. Þá var einnig **notast** við dagbókarverkefni þar sem annar málhafinn **fékk** útfyllt dagatal en hinn **fékk** upplýsingar um það að hverju hann ætti að komast um dagatal hins málhafans. Þá voru málhafar **fengnir** til að dæma *hv*-spurningar með ólíkum spurnarliðum. Þessi aðferð var einnig **notuð** til að kanna V2 með kjarnafærðum liðum.

# Textadæmi, lagað

- **Notuð** var aðferð sem **beitt** hefur verið í rannsóknum á hv-spurningum í ýmsum málum. Þá vinna tveir málhafar saman þannig að annar heldur á mynd af umferðarslysi og veitir hinum upplýsinga fyrir skýrslu af slysinu. Þá var einnig **lagt fyrir** verkefni þar sem annar þátttakandinn **var með** útfyllt dagatal en hinn **fékk** leiðbeiningar um það hverju hann ætti að komast að um dagatalið. Þá voru málnotendur **beðnir** um að dæma hv-spurningar með ólíkum spurnarliðum. Þessari aðferð var einnig **beitt** til að kanna V2 með kjarnafærðum liðum.

# Að sýna og segja frá

- Krafa í fræðilegum skrifum
  - Mikilvægt að það sem sýna á renni ekki saman við meginmálið heldur sé tekið út úr því með einhverjum hætti, t.d. með tölusetnum dæmum, töflum, línuritum eða á annan sjónrænan hátt
  - Með því að draga aðalatriði út úr meginmálinu eru þau gerð sýnilegri og aðgengilegri
    - Þetta mætti gera með punktum (e. *bullets*)
    - Í staðinn fyrir punktana mætti nota númer og bókstafi ef ætlunin væri að geta vísað í einstaka liði í eftirfarandi texta
- (Höskuldur Þráinsson. 2015. *Skrifaðu bæði skýrt og rétt: fræðileg skrif, ritrýni og ritstjórn*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.)